

## Umsögn um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002.)

**Félagsmálanefnd Alþingis.**  
**Heiðurðu fulltrúar þjóðarinnar,**

Fjölmenningaráð hefur skoðað frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga og vill gera athugasemdir.

### 1. Um almenn ákvæði og atvinnuleyfi

Fyrst vill Fjölmenningaráð benda á galla í orðskýringum eins og kveðið er á um í 3.gr. Í þessu frumvarpi breytist ekki nógildandi kerfi um tímabundin atvinnuleyfi. Þ.e. leyfi er gefið út til atvinnurekanda til þess að ráða útlending til starfa. Leyfið kemur til atvinnurekanda en ekki til viðkomandi útlending.

Að okkar mati tengjast allt of mörg vandkvæði þessu kerfi þar sem atvinnuréttindi tilheyra ekki útlendingum heldur eingöngu vinnuveitendum. Þess vegna er það afar erfitt fyrir útlendinga og jafnvel einnig fyrir opinbera aðila að skilja hvaða réttindi útlendingar séu með . . . Það á við sérstaklega þegar ráðningarsamningi er rift fyrir en hann rennur út af einhverjum ástæðum.

Fjölmenningaráð telur það alveg nauðsynlegt og eðlilegt að bæði tímabundið- og óbundið atvinnuleyfi komi beint til hvers og eins einstaklings, en ekki til vinnuveitenda. Fjölmenningaráð óskar þess að frumvarpið verði endurskoðað og grundvallað á ofangreindri stefnu s.s. að hver einstakur útlendingur hafi sín atvinnuréttindi hjá sér.

### 2. Um sjúkratryggingu

Í 7. grein er mælt með að sjúkratrygging sé skilyrði hjá atvinnurekendum þegar þeir ráða útlendinga hjá sér. Útlendingur sem er nýkominn til landsins verður að bíða 6 mánuði til að komast í almannatryggingukerfi landsins samkvæmt nógildandi tryggingarlögum. Er önnur leið til að uppfylla þessa kröfu? Það er ekki alveg ljóst hvað frumvarpið á við í raun með c og d-lið.

### 3. Um tímabundið atvinnuleyfi fyrir hælisleitanda

Í 7. grein er nýmæli um veitingu tímabundins atvinnuleyfis fyrir hælisleitanda. Ástæða þessara umfjöllunar er, samkvæmt athugasemdum frumvarpsins eftirfarandi; “að gefa útlendingum við þessar aðstæður tækifæri til að vinna fyrir sér svo að þeir þurfi ekki að þiggja framfærslu sína frá ríkinu”(Bl.12)

Þetta er aðeins hugmynd til að losna við fjárhagslegt álag ríkisins vegna hælisleitenda. Okkur sýnist að aðstæður þessa fólks geti verið mjög mismunandi. Sumir eru fullir af orku til að starfa og það getur verið gott fyrir þá að fá vinnu fremur en að bíða ákvörðunar aðgerðarlaus. Aftur á móti er einnig fólk sem þarf að fá næði til að byggja sig upp andlega- og líkamalega. Fjölmenningsráð óttast að þessi ákvæði verði notuð á þann hátt að allir hælisleitendur verði neyddir til þess að vinna á meðan mál þeirra eru í umfjöllun.

Það er einnig nauðsynlegt að samræma önnur lög sem varða hælisleitendur til að tryggja mannréttindi þeirra.

### 4. Um atvinnuleyfi maka Íslendinga eftir hjónaskilnað

Í 11. gr. er fjallað um atvinnuleyfi maka Íslendinga þannig að hann missir það ekki ef hjónabandið stendur lengur en 2 ár og hann hefur verið búsetur hérlandis a.m.k. 2 ár. Þetta ákvæði er jákvætt að því leiti að hann missir ekki atvinnuleyfið sjálfkrafa og jafnframt að draga úr hjá útlendingum að stofna til hjúskapar með þeim eina tilgangi að fá atvinnuleyfi.

Hins vegar er hér hætt á að útlendingur, sérstaklega þegar viðkomandi er kvennkyns reyni að þola óánægju, óhamingju og slæma stöðu í hjónabandi þangað til hann fær réttindi til atvinnu. Nauðsynlegt er að bæta inn aukaákvæði til að tryggja réttindi maka Íslendinga í svona tilfalli.

Fleira er ekki til umsagnar að sinni.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 17. desember 2001

F.h. Fjölmenningsráðs

Toshiki Toma

Toshiki Toma